

Minni-Höfn ⁽¹⁾

Allt frá landnámi hefir verið kunn og góð höfn innst í Siglufirði að vestan, þó mest á fyrri öldum, því mjög er á hana gengið að síðustu, af náttúru og mönnum. Hafa og tvö býli er nærri henni hafa verið reist, þegar í fornöld, fengið nafn af henni. Stóð hið innra vestur frá syðri enda hennar og nefndist Innri- eða Minni-Höfn. Hefir þar byggðastæði verið mjög fagurt tún og engi síbreiða ein, neðan hlíðar, slétt og grösug. Túnið hallandi grundir þurr og sjálfgjört, en engi rök. Stóð bærinn nokkuð upp frá sjó og sést nú óglögg fyrir rúst hans, lítið ofan vegar og túngarður forn á kafla, sunnar og ofar. Mun hér hafa búið verið hinar fyrri aldir, en í auðn farið á 15. öld. Er býlis þessa getið seint á 14. öld, en virðist nýlega í auðn komið 1449. Hefir það máske valdið, að lækur féll norðan bæjar er nefnst mun hafa *Minni-Hafnarlækur* (2) er svo hefir brotist á túnið og mjög á það borið aur og mól og hulið að síðustu flest mannvirki, tún og garða, utan syðst og efst, en þar sýnir hinn forni garður takmörk þess, aðeins að sunnan og ofan, verður stærð þess því ekki séð.

Lönd hefir býli þetta átt upp til fjalla, þó ekki stór, en engi mikil og samfelld neðra. Mun mestur hluti landsins inn og niður frá bæ, þá hafa nefnst *Minni-Hafnarengi* (3) auk sérnafna nokkurra, en glötuð munu nú flest gömul örnefni kringum byggð þessa. Mun *Kvíaholt* (4) hafa nefnst ofan túnsins, þar kvíaból var en kallast nú Nýi-Stekkur frá Ytri-Höfn. Örskammt mun verið hafa til ytri merkja en tvær eru eyrar niður frá bæ. Nefnist nú vestan fjarðarhornsins *Stekkjareyri* (5) en sunnan *Langeyri* (6) og milli þeirra Langeyrrarstekkur (7) lítill ás. Sunnan Langeyrrar er flæðilón mikið og vestanvert í því lágur hólmi nefndur *Skeiðhólmi* (8). Sunnan lónsins eru hin sléttu engjalönd, nefnast þurrir bakkar við Siglufjarðará: *Hafnarnes* (9) upp frá því og allt suður að Snóksá *Votamýri* (10) en ofan hennar, nú neðan vegar: *Votumýrarhallar* (11). Allt til síðustu tíma var alfaraleið frá kaupstaðnum inn fjörur, austur Langeyri og suður um síkið og Hafnarnes; svo tvisvar austur yfir Siglufjarðará inn nokkuð frá Álfról uns leiðir skildu og Fljótamenn fóru innan Grísarar upp til Skarðsdals; voru þeirra ferðir tíðastar og nefndust því brotin á ánni *Fljótamannavöð* (12) einkum hið innsta og ofan við það *Fljótamannahylur* (13) er þó sumir nefndu *Finnhólahyl* [(13a)].

Niður frá Skjaldargiljum eru skriðugundir grónar miklar og víðlendar því all vítt hefir áin runnið, nefnast grundir þessar (utan ár) *Steinaflatir* (14) ofarlega á þeim er nú skilarétt Siglufirðinga flutt þangað frá Hóli 1907 og nefnd *Hafnarrétt* (15). Yst á grundum þessum ofan við veginn er hjábýlið *Steinaflatir* (16) byggt 1910 og eru þar tómt húsmenn. Þar utan bæjar er *Steinaflatalækur* (17) en út þaðan, ofan vegar nefnast engjalöndin *Háumýrar* (18). Beint upp frá bæ er skál allstór efst í hlíð, nefnd: *Jörundarskál* (19) úr henni kemur Minni Hafnarlækur. Sunnan hans nokkuð neðar í hlíðinni er lítil dæl, vel gróin, nefnd: *Nautaskál* (20) og niður frá henni, upp frá bæ neðst í hlíð: *Nautaskálarhólar* (21). Norðan lækjar og skálanna er melur allbreiður,

nefndur: *Blýkerlingarmelur* (22) er sagt að fundist hafi í honum blýflaga nokkur. Sunnan lækjar og hólanna er hlíðin jafnlend allt inn að Skjaldargili ytra; er þar oft snjólétt á vetrum og nefnist svæði þetta *Þrautabeit* (23). Hér var og annar gamall vegur inn frá kaupstaðnum; lá hann um Hafnarbýlin bæði og inn með hlíð þessari, svo upp Skjöld, slakkana norðan Snóks og norðvestur til Úlfsdala um Dalaskarð; nefndist vegur þessi hér *Dalaleið* (24). Nálægt vegi þessum suðaustan við Dalaskarð er vörðubrot eitt, er nefnist *Styrbjörn* (25) halda sumir hér það dys, þó ólíklegt sé; en sagt er að þar hafi bráðdauður orðið Styrbjörn bóndi á Hóli, á heimleið frá Dalabæ með þunga byrði matar stolna frá Rafni bónda þar; var dauði hans kenndur göldrum Rafns. Aðrir segja þó Styrbjörn hafa búið í Úlfsdölum en stolið frá Höskuldi bónda á Meiri Höfn, sem líka var mjög fjölkunnugur talinn og hafi hann valdið dauða Styrbjarnar. Trúlegra er þó að þá hefði hann farið utar yfir fjallið. Virðist sögn þessi vera frá fyrri hlut 17. aldar, því þá voru þeir Rafn og Höskuldur kunnir bændur en oft munu hér hafa verið gripdeildir útlendra og innlendra. Rafn drukknaði við 6. mann 1636 af ofhleðslu við seladráp í ís.

Stafrófsröð örnefna Minni-Höfn

- B -	- K -	- S -
Blýkerlingarmelur 22	Kvíaholt 4	Skeiðhólmi 8
- D -	- L -	Steinaflatalækur 17
Dalaleið 24	Langeyrarstokkur 7	Steinaflatir 14
- F -	Langeyri 6	Steinaflatir 16
Fljótamannahylur 13	- M -	Stekkjareyri 5
Fljótamannavöð 12	Minni-Hafnarengi 3	Styrbjörn 25
- H -	Minni-Hafnarlækur 2	- V -
Hafnarnes 9	Minni-Höfn 1	Votamýri 10
Hafnarrétt 15	- N -	Votumýrarhallar 11
Háumýrar 18	Nautaskál 20	- Þ -
- J -	Nautaskálarhólar 21	Þrautabeit 23
Jörundarskál 19		